

Alþingi
Erindi nr. P 141/1962
komudagur 18.3.2013

Sendandi: Þórey Anna Matthíasdóttir Hringbraut 11, 220 Hafnarfjörður

Dags: 17.03.2013.

Númer og heiti þingmáls: 630. Mál lagafrumvarp 141. Löggjafarþing 2012-2013. Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Athugasemd gerð við athugasemd III vegna lagafrumvarpsins.

Hér með geri ég athugasemd við að fólki sé ekki ætlað geta fengið LÍN lán sem er orðið 55 ára og eldra. Ég tel að það sé mannréttindabrot og stangist á við stjórnaskrá að mismuni þegnum. Þar sem er um félagslegt lán er að ræða þá tel ég ekki að harður markaðshyggju útreikningar eigi við. Margt fólk á einnig eignir sem geta gengið upp í námslán þeirra að þeim látnum.

Nú fór ríkistjórn Íslands í átak með atvinnulaust fólk eftir hrun og hvatti þá til náms sem misstu vinnu. Fólk er að útskrifast úr námi 58 og 59 ára vegna breyttrar atvinnustöðu vegna hrunsins. Þá þurfti þetta fólk að taka nýtt nám og var það kleift með að þau tóku lán hjá LÍN. Ekki hef ég nú trú á að þetta sé það stór hópur frá 55 – 60 ára að það skipti verulegu máli fyrir LÍN að þessi aldurshópur verði lánstækur þar. En vegna stutts tíma vannst ekki tími til að fá þær upplýsingar frá LÍN um fjölda nema á þessum aldri hjá sjóðnum. Hér með fer ég fram á að þetta verði endurskoðað í frumvarpinu og hækkaður aldur til LÍN í 60 ára. Enda er ljóst að réttur til eftirlaunaaldur íslendinga mun hækka og fólk mun starfa miklu lengur en t.d. tíðkast í Svíþjóð þar sem eftirlaunaaldur er 63 – 65 ára.

Vonandi verður þessi athugasemd mín tekin til greina.

Með vinsemd,

Þórey Anna Matthíasdóttir, markaðs- og aðstoðarframkvæmdastjóri útvarpi Sögu